

Ásahreppur  
Ársreikningur  
2019



Ásahreppur  
Laugalandi  
851 Hella

Kt. 430169-0339

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

---

Ársreikningur Ásahrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 459,3 millj. kr. í A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 453,5 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 12,44% en lögbundið hámark er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,230% í A-flokki, 1,320% í B-flokki og 1,650% í C-flokki en lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,320% í B-flokki og 1,650% í C-flokki.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 178,1 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 175,0 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2019 nam 563,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 561,5 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun innheimtu og aukinna útgjalda. Sjá nánar í skýringu 17.

Eins og fram kemur í skýringu 4 í ársreikningnum eru á árinu 2019 tekjufærð framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 125,4 millj. kr. vegna áranna 2013-2018 í samræmi við niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018. Þar kemur einnig fram að sveitarfélagið fékk framlög vegna fasteignaskattsjöfnunar og til reksturs grunnskóla vegna ársins 2019, samtals að fjárhæð 31,4 millj. kr. Í fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2023 sem sveitarstjórn samþykkti við seinni umræðu þann 5. desember 2019 er gert ráð fyrir áframhaldandi framlögum frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð 35,0 millj. kr. á ári í samræmi við útgefnar áætlanir sjóðsins. Eftir niðurstöðu Hæstaréttar brást Alþingi við með þeim hætti í upphafi árs 2020 að breyta lögum um Jöfnunarsjóð og kom þannig í veg fyrir að Ásahreppur nyti áframhaldandi framlaga úr sjóðnum. Þessi ákvörðun löggjafans hefur veruleg fjárhagsleg áhrif á sveitarfélagið til viðbótar við áhrif Covid-19.

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2019 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Laugalandi, 22. apríl 2020.

Sveitarstjóri:



Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2019 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Laugalandi, 20. maí 2020.

Sveitarstjórn:

Ásta B. Ólafsdóttir  
Brynja J. Jónasdóttir  
Egill Sigurðsson  
Elín Grétarsdóttir  
Guðmundur Gíslason

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til sveitarstjórnar Ásahrepps.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Ásahrepps fyrir árið 2019 sem hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 20. maí 2020.

**KPMG ehf.**

Auðunn Guðjónsson

## Rekstrarreikningur ársins 2019

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	261.919	261.000	243.433	261.919	243.433
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	156.865	152.000	0	156.865	0
Aðrar tekjur .....	4	34.753	30.320	44.434	40.553	48.205
		<u>453.537</u>	<u>443.320</u>	<u>287.867</u>	<u>459.337</u>	<u>291.638</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	5	129.844	140.065	128.812	129.844	128.811
Annar rekstrarkostnaður .....		163.602	157.090	152.500	158.539	147.781
		<u>293.446</u>	<u>297.154</u>	<u>281.311</u>	<u>288.383</u>	<u>276.593</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		160.091	146.166	6.556	170.954	15.045
Afskriftir .....	8	( 10.267 )	( 11.425 )	( 10.017 )	( 15.351 )	( 14.188 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		149.824	134.741	( 3.461 )	155.603	857
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	25.191	31.784	7.064	22.533	5.666
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	13	<u>175.015</u>	<u>166.525</u>	<u>3.603</u>	<u>178.136</u>	<u>6.522</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir .....	8	94.517	98.541	126.698	131.510
Veitu- og gatnakerfi .....	8	106.353	110.710	194.583	200.781
		200.870	209.251	321.281	332.290
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	9	119.966	118.982	47.225	46.241
Langtímakröfur .....	10	5.209	7.409	5.209	7.409
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	10	2.429	3.473	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	3.884	4.040	3.884	4.040
		131.488	133.904	56.318	57.690
Fastafjármunir		332.358	343.155	377.599	389.980
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammttímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....	12	18.668	10.698	19.262	12.711
Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki .....		17.373	18.234	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	156	156	156	156
Aðrar skammttímakröfur .....	12	23.591	12.535	23.591	12.535
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	10	1.137	1.059	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	10	2.260	2.106	2.260	2.106
Handbært fé .....	3j	197.598	16.675	201.968	17.486
Veltufjármunir		260.782	61.462	247.237	44.993
<b>Eignir samtals</b>		<b>593.140</b>	<b>404.617</b>	<b>624.836</b>	<b>434.974</b>

## 31. desember 2019

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2019	2018	2019	2018
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	561.544	386.528	563.547	385.410
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	14	7.992	8.256	38.287	38.224
		7.992	8.256	38.287	38.224
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		1.955	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	484	464	1.000	951
Aðrar skammtímaskuldir .....		21.164	9.369	22.002	10.389
		23.604	9.833	23.002	11.340
Skuldir og skuldbindingar samtals		31.596	18.089	61.289	49.564
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>593.140</b>	<b>404.617</b>	<b>624.836</b>	<b>434.974</b>
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings ...	16				



# Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur	Áætlun 2019	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun 2019	Ársreikningur
		2019	með viðaukum	2018	2019	með viðaukum	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	13	175.015	166.525	3.603	178.136	171.709	6.522
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	10.267	11.425	10.017	15.351	16.498	14.188
Verðbætur .....		( 16 )	( 143 )	( 110 )	953	871	64
Veltufé frá rekstri		185.265	177.807	13.510	194.440	189.078	20.775
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgr. kostnaður, breyting .....	11	155	155	( 4.196 )	155	155	( 4.196 )
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		( 7.970 )	0	3.904	( 6.552 )	0	3.940
Skammtímakröfur, breyting .....		( 11.057 )	0	( 1.012 )	( 11.057 )	( 111 )	( 1.012 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		11.795	0	( 13.623 )	11.613	210	( 13.137 )
Samtals		( 7.077 )	155	( 14.927 )	( 5.840 )	254	( 14.405 )
Handbært fé frá (til) rekstrar		178.188	177.962	( 1.417 )	188.599	189.332	6.370
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj. ....	8	( 1.885 )	( 20.050 )	( 5.689 )	( 4.341 )	( 22.210 )	( 40.576 )
Eignarhlutir, breyting .....		( 984 )	( 937 )	( 1.025 )	( 984 )	( 937 )	( 1.025 )
Langtímakröfur, breyting .....	10	2.162	2.093	2.015	2.162	2.093	2.015
Langtímakr. á eigin ft, breyting.....	10	1.088	548	1.015	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		381	( 18.346 )	( 3.684 )	( 3.163 )	( 21.054 )	( 39.586 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting .....		2.817	4.142	4.059	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....		0	0	8.900	0	0	39.356
Afborganir langtímalána .....	14	( 463 )	( 563 )	( 442 )	( 955 )	( 1.607 )	( 442 )
Fjármögnunarhreyfingar		2.355	3.579	12.517	( 955 )	( 1.607 )	38.913
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		180.924	163.195	7.416	184.482	166.671	5.698
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		16.675	4.854	9.259	17.486	4.874	11.788
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		197.598	168.049	16.675	201.968	171.545	17.486

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Ásahreppur er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 251 þann 1. desember 2019. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Laugalandi í Holtum.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2019 hefur að geyma samantekin reikningskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisfirlit og viðeigandi skýringar.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Leiguíbúðir, Fráveita og Ásaljós.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir

Reikningskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	25 - 40 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár

#### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

#### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

#### i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### k. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### l. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

#### m. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstremisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 20.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>						
Útsvar.....	112.852	111.000	105.780	112.852	111.000	105.780
Fasteignaskattur.....	149.067	150.000	137.653	149.067	150.000	137.653
	<u>261.919</u>	<u>261.000</u>	<u>243.433</u>	<u>261.919</u>	<u>261.000</u>	<u>243.433</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlag vegna fasteignaskatts.....	9.407	0	0	9.407	0	0
Framlag vegna grunnskóla.....	22.025	0	0	22.025	0	0
Önnur framlög.....	125.433	152.000	0	125.433	152.000	0
	<u>156.865</u>	<u>152.000</u>	<u>0</u>	<u>156.865</u>	<u>152.000</u>	<u>0</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>418.784</u>	<u>413.000</u>	<u>243.433</u>	<u>418.784</u>	<u>413.000</u>	<u>243.433</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	34.753	30.320	44.434	40.553	37.526	48.205
Rekstrartekjur samtals.....	<u>453.537</u>	<u>443.320</u>	<u>287.867</u>	<u>459.337</u>	<u>450.526</u>	<u>291.638</u>

Meðal framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru tekjufærð önnur framlög að fjárhæð 125,4 millj. kr. Um er að ræða framlög vegna ára 2013 – 2018, sem voru greidd til sveitarfélagsins vegna samkomulags um uppgjör á dómskröfum í dómsmáli sveitarfélagsins á hendur íslenska ríkinu. Samkomulagið var gert í kjölfar dóms Hæstaréttar þann 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018. Til viðbótar fékk sveitarfélagið greidda vexti að fjárhæð 27,9 millj. kr., sem eru færðir meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda að teknu tilliti til 22% fjármagnstekjuskatts.

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Laun .....	23.959	29.779	26.079	23.959	29.779	26.079
Launatengd gjöld .....	5.193	5.716	5.878	5.193	5.716	5.878
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	155	155	155	155	155	155
Áfallið orlof, breyting.....	103	0	1.226	103	0	1.226
Annar áfallinn launakostnaður.....	100.434	104.415	95.474	100.434	104.415	95.474
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>129.844</u>	<u>140.065</u>	<u>128.812</u>	<u>129.844</u>	<u>140.065</u>	<u>128.812</u>

Byggðasamlagið Oddi bs. annast rekstur grunnskóla og leikskóla sveitarfélagsins. Hlutdeild sveitarfélagsins í launakostnaði byggðasamlagsins er flokkuð sem annar áfallinn launakostnaður í ársreikningi sveitarfélagsins.

	2019	2018
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	3	3
Fjöldi stöðugilda í árslok .....	1,28	1,28
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	19.964	20.927

## Skýringar, frh.:

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
Vaxtatekjur og verðbætur.....	24.675	31.647	7.159	24.752	31.646	7.166
Arður af eignarhlutum.....	149	243	135	149	243	135
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 469 )	( 460 )	( 1.519 )	( 2.368 )	( 2.694 )	( 1.636 )
Vextir frá eigin fyrirtækjum.....	835	354	1.289	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.) samt..	25.191	31.784	7.064	22.533	29.195	5.666

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019 með viðaukum	Ársreikningur 2018
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	421.238	413.000	245.457
Félagsþjónusta .....	( 9.828 )	( 11.558 )	( 11.179 )
Heilbrigðismál .....	( 236 )	( 261 )	( 233 )
Fræðslu- og uppeildismál .....	( 147.397 )	( 149.590 )	( 139.175 )
Menningarmál .....	( 4.772 )	( 3.714 )	( 3.410 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 22.695 )	( 24.950 )	( 21.786 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 3.916 )	( 4.622 )	( 3.427 )
Hreinlætismál .....	( 6.118 )	( 6.069 )	( 7.355 )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 12.448 )	( 9.311 )	3.969
Umferðar- og samgöngumál .....	( 18.387 )	( 17.240 )	( 16.265 )
Umhverfismál .....	( 739 )	( 1.676 )	( 819 )
Atvinnumál .....	( 12.148 )	( 11.953 )	( 15.521 )
Framlög til B hluta .....	( 2.000 )	( 4.000 )	0
Sameiginlegur kostnaður .....	( 48.398 )	( 53.433 )	( 52.920 )
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 155 )	( 155 )	( 155 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	29.667	36.095	19.687
Aðalsjóður samtals .....	161.669	150.564	( 3.132 )
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	13.346	15.961	6.735
A hluti samtals .....	175.015	166.525	3.603
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Fráveita .....	1.211	77	2.782
Leiguíbúðir .....	1.736	2.289	396
Ásaljós .....	174	2.818	( 259 )
A og B hluti samtals .....	178.136	171.709	6.522

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Gatna- og veitukerfi	Samtals
<b>A hluti</b>			
Heildarverð 1.1.2019 .....	205.591	156.058	361.649
Afskrifað áður .....	( 107.050 )	( 45.348 )	( 152.398 )
Bókfært verð 1.1.2019 .....	98.541	110.710	209.251
Viðbót á árinu .....	0	1.885	1.885
Afskrifað á árinu .....	( 4.024 )	( 6.242 )	( 10.267 )
Bókfært verð 31.12. 2019 .....	94.517	106.353	200.870
Samtals heildarverð 31.12.2019 .....	205.591	157.943	363.534
Afskrifað samtals .....	( 111.074 )	( 51.590 )	( 162.665 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	94.517	106.353	200.870
Afskriftahlutföll .....	2,5 - 4,0%	4,0%	
	Fasteignir	Gatna- og veitukerfi	Samtals
<b>A og B hluti</b>			
Heildarverð 1.1.2019 .....	251.779	263.480	515.260
Afskrifað áður .....	( 120.269 )	( 62.700 )	( 182.969 )
Bókfært verð 1.1.2019 .....	131.510	200.781	332.290
Viðbót á árinu .....	0	4.341	4.341
Afskrifað á árinu .....	( 4.812 )	( 10.539 )	( 15.351 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	126.698	194.583	321.281
Heildarverð 31.12.2019 .....	251.779	267.822	519.601
Afskrifað samtals .....	( 125.081 )	( 73.239 )	( 198.320 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	126.698	194.583	321.281
Afskriftahlutföll .....	2,5 - 4,0%	4,0%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2019	Áætlun 2019 með viðaukum
<b>A hluti</b>		
<b>Ýmsar eignir:</b>		
Leikskóli .....	1.011	0
Plan Laugalandi .....	517	9.050
Sorpstöð, áhöld og tæki .....	0	1.000
	<u>1.528</u>	<u>10.050</u>
<b>Gatnakerfi:</b>		
Vegagerð .....	357	10.000
	<u>357</u>	<u>10.000</u>
A hluti samtals .....	<u>1.885</u>	<u>20.050</u>
<b>B hluti</b>		
<b>Fráveita:</b>		
Rotþró .....	535	0
Seyruverkefni .....	1.921	2.160
	<u>2.456</u>	<u>2.160</u>
B hluti samtals .....	<u>2.456</u>	<u>2.160</u>
Samtals A og B hluti .....	<u>4.341</u>	<u>22.210</u>

#### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2019:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat.....	433.080	456.270
Brunabótamat fasteigna.....	1.426.650	1.484.350
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	7.294	7.294
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....	0	197.459

## Skýringar, frh.:

### 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga .....			1.920	1.920
Vatnsveita Ásahrepps og Rangárþings ytra bs. ....	18,2%	18,2%	27.468	27.468
Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. ....	5,4%	5,4%	2.099	2.099
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. ....	6,3%	6,3%	4.671	4.671
Sláturfélag Suðurlands svf. ....			239	239
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf .....	0,4%	0,4%	400	400
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf .....	1,0%	1,0%	1.989	1.989
Strandarvöllur ehf. ....			634	634
Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands ehf. ....	0,9%	0,9%	669	669
Rangárhöllin ehf. ....	1,8%	1,8%	2.000	2.000
Neslundur ehf. ....	11,4%	11,4%	500	500
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	0,039%	0,039%	3.455	3.455
Háskólafélag Suðurlands ehf. ....	1,7%	1,7%	1.181	1.181
Ásaljós .....	100,0%	100,0%	72.741	0
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals .....			119.966	47.225

### 10. Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

	Langtíma- kröfur á eigin fyrirt.	Langtímakröfur	
		A hluti	A og B hluti
Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:			
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	4.533	9.515	9.515
Afborgun langtímakrafna á árinu .....	( 1.088 )	( 2.162 )	( 2.162 )
Verðbætur.....	121	115	115
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	3.566	7.468	7.468
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	( 1.137 )	( 2.260 )	( 2.260 )
	2.429	5.209	5.209
Árið 2020.....	1.137	2.260	2.260
Árið 2021.....	1.188	0	0
Árið 2022.....	1.241	0	0
Afborgun síðar.....	0	5.209	5.209
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	3.566	7.468	7.468

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.



### 11. Fyrirframreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframreiðslunnar greinast þannig á árinu:

	A hluti	A og B hluti
Staða fyrirframreiðslu í ársbyrjun.....	4.196	4.196
Gjaldfært á árinu.....	( 156 )	( 156 )
Staða fyrirframreiðslu í árslok.....	4.040	4.040
Fyrirframreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:		
Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	156	156
Langtímahluti fyrirframreiðslu.....	3.884	3.884
Samtals í efnahagsreikningi.....	4.040	4.040
Fyrirframreiðsla greinist þannig í árslok:		
Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	3.420	3.420
Framlag í varúðarsjóð.....	620	620
	4.040	4.040

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá bókfært verð fyrirframreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs.

### 12. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur.....	11.421	11.421
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	7.246	7.841
Óinnheimtar tekjur í árslok .....	18.668	19.262

Niðurfærsla óinnhemtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	2.021	2.021
Niðurfærsla, breyting á árinu .....	1.815	1.815
Niðurfærsla í árslok .....	3.836	3.836

### 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2019 .....	386.528	385.410
Rekstrarniðurstaða ársins .....	175.015	178.136
Eigið fé 31.12.2019 .....	561.544	563.547

## Skýringar, frh.:

### 14. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	<b>Verðtryggð lán</b>
<b>A hluti</b>	
Langtímaskuldir í ársbyrjun .....	8.720
Afborganir af lánum .....	( 463 )
Verðbætur .....	219
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	8.476
Næsta árs afborganir.....	( 484 )
Langtímaskuldir í lok árs .....	7.992
<b>A og B hluti</b>	
Langtímaskuldir í ársbyrjun .....	39.175
Afborganir af lánum .....	( 955 )
Verðbætur .....	1.067
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	39.287
Næsta árs afborganir.....	( 1.000 )
Langtímaskuldir í lok árs .....	38.287

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	<b>A hluti</b>	<b>A og B hluti</b>
Árið 2020.....	484	1.000
Árið 2021.....	507	1.041
Árið 2022.....	530	1.084
Árið 2023.....	555	1.128
Árið 2024.....	580	1.174
Síðar.....	5.820	33.860
	8.476	39.287

Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í útsvarstekjum og framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skv. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga, vegna lántöku sveitarfélagsins að eftirstöðvum 8,5 millj. kr. í árslok 2019.

Íbúð í eigu sveitarfélagsins að bókfærðu verði 30,7 millj. kr. sem er eignfærð í Leiguíbúðum í B hluta, er veðtryggð fyrir skuldum að eftirstöðvum 30,8 millj. kr. í árslok 2019.

### 15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	<b>Eignarhluti</b>	<b>Eignir</b>	<b>Skuldir</b>	<b>Eigið fé</b>
A hluti .....	100%	593.140	31.596	561.544
Fráveita .....	100%	9.279	9.821	( 543 )
Leiguíbúðir .....	100%	34.137	31.723	2.414
Ásaljós .....	100%	83.915	11.043	72.872
Bakfærðir eignarhlutir í B hluta .....		( 72.741 )	0	( 72.741 )
Millifærslur, innbyrðis staða .....		( 22.894 )	( 22.894 )	0
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok .....		624.836	61.289	563.547

### 16. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

#### Byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni:

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

- Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.
- Bergrisinn bs.
- Byggðasamlagið Oddi bs.
- Húsakynni bs.
- Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
- Tónlistarskóli Rangæinga
- Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.
- Sorpstöð Suðurlands bs.
- Brunavarnir Rangæinga bs.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.
- Héraðsnefnd Rangæinga
- Byggðasafnið í Skógum
- Héraðsskjalasafnið í Skógum

Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

#### Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur:

Sveitarfélagið hefur staðið að byggingu hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar. Heimilið er rekið sem sjálfstæð stofnun en vistgjöldum er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði þess. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir stofnunina.

Sveitarfélagið hefur ábyrgst yfirdráttarheimild vegna rekstrar hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar, allt að 10,0 millj. kr. Yfirdráttarheimildin er ekki nýtt í árslok 2019.

#### Aðrar ábyrgðarskuldbindingar:

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasafnsins í Skógum hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum sveitarfélögum sem standa að safninu. Eftirstöðvar lánanna nema 128,6 millj. kr. í árslok 2019.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasamlagsins Odda hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt Rangárþingi ytra. Eftirstöðvar lánsins nema 103,0 millj. kr. í árslok 2019.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánanna nema 251,1 millj. kr. í árslok 2019.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Brunavarna Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánsins nema 69,4 millj. kr. í árslok 2019.

Á árinu 2005 var eignarhlutur sveitarfélagsins í Hitaveitu Rangæinga seldur til Orkuveitu Reykjavíkur. Við söluna yfirtók Orkuveitan allar skuldir hitaveitunnar, en ábyrgð sveitarfélagsins á yfirteknum lánnum hefur ekki verið aflétt. Eftirstöðvar lánanna nema 366,7 millj. kr. í árslok 2019.

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Tónlistarskóla Rangæinga í hlutfalli við kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í rekstri skólans. Áfallin lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna skólans samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2019 nemur 42,4 millj. kr. Skuldbindingin er ekki færð til skuldar í ársreikningi sveitarfélagsins.

### 17. Atburðir eftir reikningskiladag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir mun hafa veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um endanleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum lýkur. Vænta má að áhrif á rekstur sveitarfélagsins verði umtalsverð m.a. vegna lægri skatttekna og annarra tekna, frestun innheimtu og aukinna útgjalda.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að ekki sé unnt, í ljósi framangreindrar óvissu, að leggja endanlegt mat á áhrif Covid-19 á rekstur sveitarfélagsins en meta greiðsluhæfi þess þó ekki skert. Til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði hefur sveitarfélagið handbært fé í árslok 2019 að fjárhæð 202,0 millj. kr. til ráðstöfunar. Það er hins vegar ljóst að forsendur fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2020 eru að einhverju leyti brostnar og fyrirséð að gera þarf breytingar á henni.

### 18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlagi:</b>						
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	186.062	194.552	24.837	70.908	108.745	126.420
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*.....					2,0 %	9,1 %
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	33,0 %	35,3 %	2,3 %	7,6 %	3,1 %	26,4 %
Rekstrarniðurstaða .....	37,6 %	38,6 %	1,3 %	5,8 %	2,1 %	22,7 %
Veltufé frá rekstri .....	40,1 %	40,8 %	4,7 %	9,3 %	5,9 %	27,1 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	4,5 %	0,4 %	2,0 %	8,2 %	0,7 %	2,5 %
Skuldahlutfall.....	6,0 %	7,0 %	6,3 %	8,4 %	17,5 %	24,6 %
<b>Önnur hlutföll:</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum .....	0,04	0,04	0,61	0,00	0,00	0,16
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	315,82	400,45	30,57	2,63	0,81	3,24
Veltufjárhlutfall .....	10,96	11,05	6,25	2,64	1,89	1,77
Eiginfjárhlutfall .....	95,4 %	94,7 %	95,5 %	94,3 %	89,3 %	87,0 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	25,0 %	24,9 %	36,7 %	39,6 %	36,9 %	36,0 %
Fasteignaskattur .....	33,8 %	32,9 %	47,8 %	48,0 %	50,7 %	57,9 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	34,3 %	34,6 %	0,0 %	0,1 %	0,0 %	0,0 %
Skatttekjur samtals.....	93,2 %	92,3 %	84,6 %	87,7 %	87,6 %	93,9 %
Aðrar tekjur .....	6,8 %	7,7 %	15,4 %	12,3 %	12,4 %	6,1 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 31,6 % )	( 28,6 % )	( 44,7 % )	( 42,3 % )	( 36,4 % )	( 9,6 % )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 35,4 % )	( 36,1 % )	( 53,0 % )	( 50,1 % )	( 60,5 % )	( 64,0 % )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	33,0 %	35,3 %	2,3 %	7,6 %	3,1 %	26,4 %
Afskriftir .....	( 2,6 % )	( 2,3 % )	( 3,5 % )	( 3,6 % )	( 3,9 % )	( 4,4 % )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	7,2 %	5,6 %	2,5 %	1,8 %	2,9 %	0,7 %
Rekstrarniðurstaða .....	37,6 %	38,6 %	1,3 %	5,8 %	2,1 %	22,7 %

\*Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár. Síðasta breyting tók gildi 2018.

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.645	1.668	994	960	862	940
Aðrar tekjur .....	121	138	181	135	122	61
Laun og launatengd gjöld .....	( 558 )	( 517 )	( 526 )	( 463 )	( 358 )	( 96 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 626 )	( 652 )	( 622 )	( 548 )	( 595 )	( 640 )
Afskriftir.....	( 46 )	( 41 )	( 41 )	( 39 )	( 39 )	( 44 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	127	100	29	20	28	7
Rekstrarniðurstaða .....	663	697	15	63	21	227
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	2.311	2.363	1.651	1.617	1.612	1.897
Eigið fé .....	2.204	2.237	1.578	1.526	1.439	1.652
Skuldir og skuldbindingar .....	107	126	74	92	172	246
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	708	738	55	102	58	271
Handbært fé frá rekstri.....	709	710	( 6 )	74	71	448
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	251	251	245	251	255	219

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	191.528	197.955	27.052	69.081	110.488	125.976
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*.....			0,2 %	1,8 %	9,3 %	13,9 %
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	35,3 %	37,2 %	5,2 %	8,5 %	5,4 %	26,3 %
Rekstrarniðurstaða .....	38,1 %	38,8 %	2,2 %	4,8 %	2,9 %	22,1 %
Veltufé frá rekstri .....	42,0 %	42,3 %	7,1 %	9,7 %	7,6 %	26,7 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	4,9 %	0,9 %	13,9 %	8,6 %	7,4 %	35,6 %
Skuldahlutfall.....	12,7 %	13,3 %	17,0 %	8,4 %	17,6 %	27,2 %
<b>Önnur hlutföll:</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum .....	0,19	0,20	1,84	0,00	0,00	0,17
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	117,66	203,65	47,00	2,80	1,05	3,22
Veltufjárhlutfall .....	9,76	10,75	3,97	1,78	1,47	1,58
Eiginfjárhlutfall .....	90,7 %	90,2 %	88,6 %	94,2 %	89,1 %	85,7 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	24,6 %	24,6 %	36,3 %	38,9 %	36,5 %	35,9 %
Fasteignaskattur .....	33,3 %	32,5 %	47,2 %	47,2 %	50,2 %	57,6 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	33,7 %	34,2 %	0,0 %	0,1 %	0,0 %	0,0 %
Skatttekjur samtals.....	91,7 %	91,2 %	83,5 %	86,2 %	86,6 %	93,5 %
Aðrar tekjur .....	8,3 %	8,8 %	16,5 %	13,8 %	13,4 %	6,5 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 31,1 % )	( 28,3 % )	( 44,2 % )	( 41,6 % )	( 36,0 % )	( 9,5 % )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 33,6 % )	( 34,5 % )	( 50,7 % )	( 49,9 % )	( 58,6 % )	( 64,1 % )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	35,3 %	37,2 %	5,2 %	8,5 %	5,4 %	26,3 %
Afskriftir .....	( 3,7 % )	( 3,3 % )	( 4,9 % )	( 5,0 % )	( 4,8 % )	( 4,7 % )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	6,5 %	4,9 %	1,9 %	1,3 %	2,3 %	0,4 %
Rekstrarniðurstaða .....	38,1 %	38,8 %	2,2 %	4,8 %	2,9 %	22,1 %

\*Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár. Síðasta breyting tók gildi 2018.

## Skýringar, frh.:

---

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

Í þúsundum króna á íbúa:	Áætlun		Ársreikningar			
	2019	2019	2018	2017	2016	2015
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.645	1.668	994	960	862	940
Aðrar tekjur .....	150	162	197	153	133	65
Laun og launatengd gjöld .....	( 558 )	( 517 )	( 526 )	( 463 )	( 358 )	( 96 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 603 )	( 632 )	( 603 )	( 555 )	( 583 )	( 645 )
Afskriftir.....	( 66 )	( 61 )	( 58 )	( 56 )	( 48 )	( 47 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	116	90	23	14	23	4
Rekstrarniðurstaða .....	684	710	27	53	28	222
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	2.454	2.489	1.775	1.603	1.608	1.910
Eigið fé .....	2.225	2.245	1.573	1.510	1.434	1.636
Skuldir og skuldbindingar .....	228	244	202	94	175	274
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	753	775	85	108	75	269
Handbært fé frá rekstri.....	754	751	26	77	136	386
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	251	251	245	251	255	219



## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2019	Hlutfall af skattt.	2018	Hlutfall af skattt.	2017	Hlutfall af skattt.
<b>Aðalsjóður</b>						
Skatttekjur .....	421.238	100,0%	245.457	100,0%	240.954	100,0%
Félagsþjónusta .....	( 9.828 )	2,3%	( 11.179 )	4,6%	( 9.043 )	3,8%
Heilbrigðismál .....	( 236 )	0,1%	( 233 )	0,1%	( 225 )	0,0%
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 147.397 )	35,0%	( 139.175 )	56,7%	( 126.372 )	52,4%
Menningarmál .....	( 4.772 )	1,1%	( 3.410 )	1,4%	( 2.362 )	1,0%
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 22.695 )	5,4%	( 21.786 )	8,9%	( 20.591 )	8,5%
Brunamál og almannavarnir .....	( 3.916 )	0,9%	( 3.427 )	1,4%	( 4.344 )	1,8%
Hreinlætismál .....	( 6.118 )	1,5%	( 7.355 )	3,0%	( 5.237 )	2,2%
Skipulags- og byggingarmál .....	( 12.448 )	3,0%	3.969	( 1,6% )	( 7.400 )	3,1%
Umferðar- og samgöngumál .....	( 18.387 )	4,4%	( 16.265 )	6,6%	( 16.312 )	6,8%
Umhverfismál .....	( 739 )	0,2%	( 819 )	0,3%	( 752 )	0,3%
Atvinnumál .....	( 12.148 )	2,9%	( 15.521 )	6,3%	( 7.143 )	3,0%
Framlög til B hluta .....	( 2.000 )	0,5%	0	0,0%	0	0,0%
Sameiginlegur kostnaður .....	( 48.398 )	11,5%	( 52.920 )	21,6%	( 43.420 )	18,0%
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 155 )	0,0%	( 155 )	0,1%	( 5.841 )	2,4%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	29.667	( 7,0% )	19.687	( 8,0% )	16.173	( 6,7% )
Aðalsjóður samtals	161.669		( 3.132 )		8.085	
<b>Aðrir sjóðir í A hluta</b>						
Eignasjóður .....	13.346	( 3,2% )	6.735	( 2,7% )	7.850	( 3,3% )
A hluti samtals	175.015	( 41,5% )	3.603	( 1,5% )	15.935	( 6,6% )

## Skýringar, frh.:

### 20. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	275.000	( 14.000 )	261.000	275.000	( 14.000 )	261.000
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	1.000	151.000	152.000	1.000	151.000	152.000
Aðrar tekjur .....	30.320	0	30.320	37.526	0	37.526
	<u>306.320</u>	<u>137.000</u>	<u>443.320</u>	<u>313.526</u>	<u>137.000</u>	<u>450.526</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	140.065	0	140.065	140.065	0	140.065
Annar rekstrarkostnaður .....	154.590	2.500	157.090	148.950	2.500	151.450
	<u>294.655</u>	<u>2.500</u>	<u>297.154</u>	<u>289.015</u>	<u>2.500</u>	<u>291.514</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....	11.666	134.500	146.166	24.512	134.500	159.012
Afskriftir .....	( 11.425 )	0	( 11.425 )	( 16.498 )	0	( 16.498 )
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	241	134.500	134.741	8.014	134.500	142.514
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	784	31.000	31.784	( 1.805 )	31.000	29.195
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<u>1.025</u>	<u>165.500</u>	<u>166.525</u>	<u>6.209</u>	<u>165.500</u>	<u>171.709</u>

## Skýringar, frh.:

### 20. Samanburður fjárhagsáætlana, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2019 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða .....	1.025	165.500	166.525	6.209	165.500	171.709
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir .....	11.425	0	11.425	16.498	0	16.498
Verðbætur .....	( 143 )	0	( 143 )	871	0	871
Veltufé frá rekstri	12.307	165.500	177.807	23.578	165.500	189.078
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting .....	0	155	155	0	155	155
Aðrar skammtímakr. (hækkun) .....	0	0	0	( 111 )	0	( 111 )
Skammtímaskuldir hækkun .....	0	0	0	210	0	210
Samtals	0	155	155	99	155	254
Handbært fé frá rekstri	12.307	165.655	177.962	23.677	165.655	189.332
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 20.050 )	0	( 20.050 )	( 22.210 )	0	( 22.210 )
Eignarhlutir breyting .....	( 937 )	0	( 937 )	( 937 )	0	( 937 )
Langtímakröfur, breyting .....	2.248	( 155 )	2.093	2.248	( 155 )	2.093
Langtímakr. á eigin ft. breyting.....	548	0	548	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 18.191 )	( 155 )	( 18.346 )	( 20.899 )	( 155 )	( 21.054 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	4.142	0	4.142	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	( 563 )	0	( 563 )	( 1.607 )	0	( 1.607 )
Fjármögnunarhreyfingar	3.579	0	3.579	( 1.607 )	0	( 1.607 )
<b>(Lækkun), hækkun á handb. fé.....</b>	( 2.306 )	165.500	163.195	1.171	165.500	166.671
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	4.854	0	4.854	4.874	0	4.874
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	2.549	165.500	168.049	6.045	165.500	171.545

# Undirritunarsíða

sveitarstjóri  
Valtýr Valtýsson

Oddviti hreppsnefndar  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi  
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Guðmundur Jóhann Gíslason

endurskoðandi KPMG  
Auðunn Guðjónsson